



# FLÓRGOÐINN

## Hornstoðir skólans í verki

### Meðal efnis í þessum Flórgoða:

- Pistill skólastjóra
- Könnun um líðan
- Skólakórinn
- Breytingar á skóladagatali
- Skóladagatal skólaárið 2008-2009
- Nemendur í 9. bekk á Laugar í Sælingsdal
- Nemendur í námsferð til Danmerkur
- Samræmd próf í 10. bekk
- Frá foreldrafélaginu

Kæru nemendur / forráðamenn

Þrátt fyrir að vetur konungur sé ekkert á því að yfirgefa svæðið er kominn vorhugur í skólastarfið í Áslandsskóla.

Skólinn hefur frá upphafi lagt áherslu á alþjóðleg samskipti og hefur í því sambandi tekið þátt í Comeniusarstarfi á vegum Alþjóðaskrifstofu Háskóla Íslands. En við leitum einnig annarra leiða við að styðja í framkvæmd eina af hornstoðum skólans, hnattrænan skilning.

Þannig tóku nemendur í 9. bekk á móti dönskum vinum okkar frá Kibæk fyrr í vetur og fyrst talað var um hornstoðir skólans má segja að sú heimsókn hafi sýnt allar fjórar hornstoðirnar í verki.

*Allar dygðir*—samvinna, samstaða, jákvæðni og fleiri dygðir í öllu ferlinu er tengdist heimsókninni.

*Hnattrænn skilningur*—erlendu samskiptin sem minnst er á hér að ofan.  
*Þjónusta við samfélagið*—hýsa dönsku gestina og sjá þeim fyrir fæði og húsnæði.

*Gera allt framúrskarandi vel*—sjá til þess að heimsóknin yrði eins vel heppnuð og raun bara vitni.

Á vordögum munu nemendur í 9. bekk síðan endurgjalda þessa heimsókn þeirra frá Kibæksskóla og halda utan.

Mikil eftirvænting ríkir í hópnum sem einnig mun halda í ungmennabúðir UMFÍ að Laugum í Sælingsdal á næstu vikum.

Vinna við skóladagatal næsta skólaárs hefur verið í gangi undanfarið og sér nú fyrir endann á því, fræðsluráð og foreldraráð hafa samþykkt dagatalið og verður það sett á vefsetur skólans á næstu dögum.

Dagatalið er nokkur hefðbundið en teygist aðeins lengra fram á sumarið. Vetrarfrí verður á hefðbundnum stað í kringum fyrsta vetrardag.

Þá vil ég benda á upplýsingar um breytingar á yfirstandandi skóladagatali sem gerðar eru vegna náms- og kynnisferðar starfsfólks til USA.

Virðingarfyllt

**Leifur S. Garðarsson**

Skólastjóri Áslandsskóla



**Ég heiti því að koma fram við aðra, eins og ég vil að aðrir komi fram við mig**

## Skóladagatal 2007-2008 og 2008-2009

## Frá foreldrafélaginu

### Skóladagatal 2007-2008

Þær breytingar hafa verið gerðar á skóladagatali yfirstandandi skólaárs að miðvikudagurinn 23. apríl verður skipulagsdagur en mánudagurinn 26. maí verður sveigjanlegur skóladagur.

Breytingar þessar eru gerðar vegna náms- og kynnisferðar starfsfólks skólans til Minneapolis í Bandaríkjunum og hafa verið samþykktar af foreldraráði.

### Skóladagatal 2008-2009

Skóladagatal fyrir næsta skólaár hefur verið í vinnslu undanfarið. Þeirri vinnu er nú lokið og hefur dagatalið verið samþykkt af foreldraráði skólans sem og fræðsluráði Hafnarfjarðarbæjar.

Dagatalið verður birt á vefsetri skólans.

## Árshátíð unglिंगadeildar

Árshátíð Ássins og Áslandsskóla verður haldin miðvikudaginn 2. apríl.

Húsið opnar kl. 18 og borðhald hefst kl. 18.30.

Dagskrá verður fjölbreytt að vanda.

Söngleikjaval Áslandsskóla verður með atriði úr söngleiknum Grease, starfsmenn skólans verða með atriði sem ávallt hefur vakið mikla lukku, starfsfólk Ássins er með atriði og svo má ekki gleyma hápunkti kvöldsins en það er krýning á kóngi og drottningu skólans.

Dj Exus tekur við kl. 21 og lýkur árshátíðinni kl. 23.

Verð er 2000.- og hefst miðasala þriðjudaginn 1. apríl.

Vegna árshátíðarinnar fellur kennsla niður í unglिंगadeild frá 11:50 árshátíðardaginn og einnig falla tvær fyrstu kennslustundir niður daginn eftir.

Opið bréf frá Foreldrafélagi Áslandsskóla

Heilir og sælir félagsmenn allir

Þökkum þeim sem hafa greitt gíróseðilinn sem sendur var heim til allra félagsmanna í haust.

Stjórn Foreldrafélagsins og Foreldraráð hafa starfað vel í vetur og verður betur gert grein fyrir starfinu á væntanlegum aðalfundi félagsins sem haldinn verður í Áslandsskóla þriðjudaginn 13. maí. Vinsamlegast takið daginn frá og setjið t.d. miða á ísskápinn það gefst einkar vel ef maður þarf að muna eitthvað. Fundurinn verður að sjálfsgöðu með hefðbundnu sniði. Nokkrir stjórnarmenn hafa setið tvö ár eða lengur og munu láta af störfum og vonumst við sem áfram sitjum í stjórninni eftir áhugasömum og sjálfviljugum frambjóðendum. Við erum viss um að engan langar til að haldinn verði framhaldsaðalfundur.....

Það verður þess virði að mæta því í deiglunni er bjóða upp á eitthvað léttmeti fyrir sálina og verður það auglýst þegar nær dregur.

Við viljum biðja félagsmenn að vera jákvæða þegar haft er samband vegna foreldraröltis og skella sér á röltið um hverfið sitt og njóta þess að skoða það í góðum félagsskap.

Hverfis- og vorhátíðin verður laugardaginn 17. maí og í tilefni af 100 ára afmæli Hafnarfjarðarbæjar er stefnt að veglegum hátíðarhöldum og vonum við að allir taki því vel ef óskað verður eftir vinnuframlagi til að það megi takast.

Þökkum fyrir okkur í bili og sjáumst á aðalfundi. Öllum félagsmönnum er frjálst að hafa samband við stjórn og finna má allar upplýsingar um stjórn og foreldraráð á heimasíðunni [www.aslandsskoli.is/foreldrar](http://www.aslandsskoli.is/foreldrar) og þar má líka lesa fundargerðir Foreldrafélagsins.

F.h. Foreldrafélags Áslandsskóla  
Hrafnhildur Ósk Broddadóttir, formaður

## Laugar í Sælingsdal


Víkuna 7.—11. apríl næstkomandi munu nemendur í 9. bekk halda í ungmennabúðirnar að Laugum í Sælingsdal.

Ungmennabúðirnar eru í umsjá Ungmennafélags Íslands og hafa sannað gildi sitt þann stutta tíma sem þær hafa verið starfræktar.

Farið er í ýmiss verkefni í þessu fallega umhverfi. Má þar nefna kjark og þor, fjármálafræðslu, samvinnuverkefni ýmiss konar, útivist, íþróttir, félagsstörf og frítíma svo fátt eitt sé nefnt.

Hægt er að lesa aðeins um búðirnar á neðangreindri netslóð:

[http://www.umfi.is/umfi/upload/files/skinfaxi/skinfaxi\\_1\\_2008.pdf](http://www.umfi.is/umfi/upload/files/skinfaxi/skinfaxi_1_2008.pdf)



## Danmerkurferð

Fyrr í vetur fengu nemendur í 9. bekk heimsókn frá Danmörku. Nemendur og kennarar úr Kibæksskole í Kibæk sem staðsettur er á miðju Jótlandi.

Margt var til gamans gert meðan á dvöl dönsku gestanna stóð. Fyrir utan skólaheimsókn og dagskrá félagsmiðstöðvarinnar Ássins þá fóru nemendur m.a. og skoðuðu Alþingi, fóru upp í Hallgrímskirkjuturn, röltu Laugarveginn, fóru "Gullna hringinn" þ.e. skoðuðu Gullfoss og Geysi og að sjálfsögðu var farið í Bláa lónið.

Nú er komið að því að við endurgjöldum Dönun þessa heimsókn og munu nemendur í fylgd tveggja kennara fljúga til Billund þann 17. maí næstkomandi.

## Af Skólakór Áslandsskóla

Mikið er um að vera hjá skólakórnum nú á vorönn. Barnakóramót verður haldið í Víðistaðakirkju laugardaginn 12. apríl nk. Þar mun skólakór Áslandsskóla flytja tvö lög og mun Jenný B. Rúnarsdóttir enskukennari sjá um undirleik. Þá mun kórinn einnig taka þátt í samsöng með kórnum á mótinu. Tónleikarnir hefjast kl. 17:00 og eru allir velkomnir.

Sunnudaginn 1. júní eru afmælistónleikar í tilefni af 100 ára afmæli Hafnarfjarðarbæjar. Tónleikarnir verða í íþróttahúsinu við Strandgötu. Þar mun kórinn syngja ásamt fjölda annara kóra.

Kórinn skipa nemendur úr 4.- 6. bekk og stjórnandi er Dána Ívarsdóttir.



## Samræmd próf í 10. bekk

Dagsetningar samræmdra prófa í 10. bekk vorið 2008

### Þriðjudagur 29. apríl

9:00-12:00 Íslenska

### Miðvikudagur 30. apríl

9:00-12:00 Enska

### Föstudagur 2. maí

9:00-12:00 Náttúrufræði

### Mánudagur 5. maí

9:00-12:00 Samfélagsgreinar

### Þriðjudagur 6. maí

9:00-12:00 Danska

### Fimmtudagur 8. maí

9:00-12:00 Stærðfræði

## Könnun um líðan — helstu niðurstöður

Tvisvar á skólaárinu leggjum við fyrir könnun um líðan nemenda skólans. Unnið er úr könnunum þessum í samvinnu umsjónarkennara og nemendaverndarráðs og gripið til aðgerða þar sem þurfa þykir.

Helstu niðurstöður úr síðari könnun vetrarins eru eftirfarandi:

### 1.– 3. bekkur

Alls líður 63% nemenda vel í frímínútum.

Alls líður 63% nemenda vel í kennslustundum og 29% sæmilega.

Alls líður 57% nemenda vel í búningsklefanum í íþróttum en 74% nemenda vel í búningsklefanum í sundi.

### 4.-7. bekkur

Alls finnst 74% nemenda alltaf eða oftast gaman í skólanum.

Alls finnst 90% nemenda alltaf eða oftast gaman í frímínútum.

Alls eru 97% nemenda aldrei eða stundum strítt í skólanum.

Alls líður 83% nemenda alltaf eða oft vel í bekknum sínum.

Alls segja 75% nemenda að ef kennarinn þeirra vissi af stríðni eða einelti myndi hann gera allt í sínu valdi til að stöðva það.

Áberandi í þessum aldurshópi er að stríðni fer þó nokkuð fram á æfingum utan skólatíma og á msn spjalli.

### 8.-10. bekkur

Alls finnst 72% nemenda alltaf eða oftast gaman í skólanum.

Alls finnst 88% nemenda alltaf eða oftast gaman í frímínútum.

Alls segja 78% nemenda að þeim sé aldrei strítt í skólanum.

Alls segjast 66% nemenda aldrei hafa gaman af því að stríða öðrum nemendum skólans.

Alls segja 39% nemenda að stríðni eigi sér alltaf eða oftast stað á göngum og/eða í frímínútum.

Alls segja 93% nemenda að þeim líði vel í bekknum sínum.

Alls segja 75% nemenda að ef kennarinn þeirra vissi af stríðni eða einelti myndi hann gera allt í sínu valdi til að stöðva það, sem er nákvæmlega sama hlutfall og í miðdeild.

Eins og áður segir hefur þegar verið gripið til aðgerða varðandi þætti sem klárlega er hægt að laga og bæta sig í.

Þá verða upplýsingar einnig sendar til útstöðva skólans, s.s. Ásvalla, Kaplakrika og Suðurbæjarlaugar, en áberandi er að framkvæmdir í Kaplakrika hafa áhrif á líðan yngstu nemendann í íþróttum og í búningsklefum þar.

## BÚSETUKÖNNUN

Búsetukönnun fyrir næsta skólaár hefur nú borist heim með nemendum.

Mikilvægt er að forráðamenn fylli hana út samviskusamlega en þar er tilgreint um búsetu og skólafatnað fyrir skólaárið 2008-2009.

Könnuninni ber að skila í skólann í síðasta lagi föstudaginn 4. apríl 2008.



Mrs Smith klár í kennslu



Kríuási 1

221 Hafnarfirði

Sími: 585 4600

Bréfsími: 585 4610

[www.aslandsskoli.is](http://www.aslandsskoli.is)

[aslandsskoli@aslandsskoli.is](mailto:aslandsskoli@aslandsskoli.is)

[www.aslandsskoli.is](http://www.aslandsskoli.is)

**FLÓRGÓÐINN**

**Fréttablað Áslandsskóla**

Ábyrgð, hönnun, umbrot og skrif:

*Leifur S. Garðarsson*

*skólastjóri*